



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

29. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu á Borg, mánudaginn 1. desember 2025 kl. 08:30.

Nefndarmenn:

Smári B. Kolbeinsson, formaður

Björn Kristinn Pálmarsson

Þorkell Þorkelsson

Aðrir fundarmenn:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti

Fjóla S. Kristinsdóttir, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, deildarstjóri veitna

Steinar Sigurjónsson, deildarstjóri framkvæmda, mannvirkja og umhverfis

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

1. Framkvæmdir og fjárfestingar 2025

Farið yfir stöðuna á þeim verkefnum sem eru á framkvæmda- og fjárhagsáætlun ársins 2025.

Lagt fram til kynningar.

2. Kynning frá Eflu á kort.is og Gagnalandi

Ariel Jóhann Kessler Árnason og Friðþór Sófus Sigurmundsson kynntu þjónustu Eflu á sviði landupplýsinga. Farið var sérstaklega yfir þjónusturnar kort.is og Gagnaland og hvaða möguleikar eru í boði þar.

Framkvæmda- og veitunefnd þakkar fyrir góða og áhugaverða kynningu og leggur til að oddviti ræði innan stjórnar UTU hvort áhugi sé fyrir því að fá sambærilega kynningu þar, því að mati nefndarinnar er mikilvægt að öll aðildarsveitarfélög UTU séu að nota sama kerfi.

3. Íþróttamiðstöð á Borg – viðbygging

a. Verkfundargerð nr. 31

Verkfundargerð nr. 31, dags. 16.10.2025 lögð fram til kynningar.

b. Verkfundargerð nr. 32

Verkfundargerð nr. 32, dags. 30.10.2025 lögð fram til kynningar.

c. Verkfundargerð nr. 33

Verkfundargerð nr. 33, dags. 13.11.2025 lögð fram til kynningar.

d. Lokaúttektarblað eftirlits

Lokaúttektarblað eftirlits, dags. 27.11.2025 lagt fram til kynningar. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir samhljóða að fela Ragnari að skila inn tilkynningu um hönnunargalla á loftræstingu.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

4. Minnisblað um brunatæknilega úttekt efri hæðar félagsheimilisins og núverandi stjórnsýsluhúss

Fyrir liggur minnisblað frá Örugg verkfræðistofu um brunatæknilega úttekt efri hæðar félagsheimilisins og núverandi stjórnsýsluhúss.

Minnisblaðið lagt fram til kynningar. Verið er að vinna að úrlausnum á þeim athugasemdum sem hafa verið gerðar varðandi brunavarnir m.t.t. breyttrar notkunar viðkomandi bygginga. Að mati nefndarinnar væri ákjósanlegra að pallur 2 sem teiknaður er inn á uppdrátt á bls. 5 í minnisblaðinu færist fyrir hornið og verði á norðausturhluta félagsheimilisins.

5. Minnisblað um gjaldskrá fyrir seyrhreinsum 2026

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar og Steinars Sigurjónssonar dags. 06.11.2025 um gjaldskrá fyrir seyrhreinsum 2026.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að gjaldskrá vegna seyrhreinsumar taki mið af þeim tillögum sem fram koma í minnisblaðinu.

6. Minnisblað ÍSOR með athugasemdum við umsögn Náttúruverndarstofnunar við matsskyldufyrirspurn vegna borun og prófun tilraunaholu við Kaldárhöfða

Fyrir liggur minnisblað ÍSOR, dags. 20.11.2025 með athugasemdum við umsögn Náttúruverndarstofnunar við matsskyldufyrirspurn vegna borun og prófun tilraunaholu við Kaldárhöfða

Lagt fram til kynningar.

7. Umsókn um vatnsveitu í hverfið Öldusteinstún í Minna-Mosfelli

Fyrir liggur tölvupóstur frá Ásmundi Skeggjasyni dags. 18.11.2025 með óskum um að fá vatnsveitu tengda við hverfið Öldusteinstún í Minna-Mosfelli.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að gert verði ráð fyrir að tengja hverfið við vatnsveitu sveitarfélagsins á árinu 2027.

8. Jarðhiti jafnar leikinn

Fyrir liggur að umsóknarfrestur í áttakinu *Jarðhiti jafnar leikinn* vegna nýsköpunar og tækniþróunar er til 20. desember 2025. Átakið er á vegum Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins.

Framkvæmda- og veitunefnd felur Ragnari Guðmundssyni og Ásu Valdísi Árnadóttur að vinna að málinu.

9. Skoðunarferð í nýja íþróttamiðstöð

Í lok fundar fór nefndin í skoðunarferð um nýja viðbyggingu íþróttamiðstöðvar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:40